Nr. 41.
11. júlí.

# Lög

um

## breyting á lögum nr. 57. frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, sem nú hvílir að $1/_3$ á Rangárvallasýslu, sbr. 8. gr. vegalaganna stafl. d., skal frá 1. janúar 1914 hvíla að öllu leyti á Árnessýslu.

2. gr.

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sje hætt við samskonar skemdum aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sje fullger, eða skemdir bættar, svo sem hjer er fyrirmælt.

3. gr.

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í tje fyrir 20. október.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

**Nr. 41.**
11. Juli.

om

## Forandring af Lov Nr. 57 af 22. Novbr. 1907, om Vejvæsenet.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, **de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

***Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:**

§ 1.

Landskassen bekoster Vedligeholdelsen af Tilførselsvejen fra Reykjavik østpaa over Ølfus til Sammenstødet med Grimsnes-Tilførselsvejen ved Ingolfsfjæld.

Vedligeholdelsespligten af Tilførselsvejen mellem Thjorsaabro og Ølfusaabro, der nu paahviler Rangarvalla Syssel med $^1/_3$, jfr. Lov om Vejvæsenet § 8 d, skal fra 1. Januar 1914 paahvile Arnes Syssel fuldt ud.

§ 2.

Naar en Tilførselsvej eller en Del af samme er fuldført, skal Ministeriet aflevere den eller den fuldførte Del af samme til det eller de vedkommende Sysseler til Vedligeholdelse. Afleveringen maa dog ikke finde Sted før end efter to Aars Forløb fra Fuldførelsen af det paagældende Vejstykke, hvorhos alle i de nævnte to Aar indtrufne Beskadigelser, der ikke hidrøre fra Færdselen eller skyldes naturlig Forringelse af Anlæget, forinden skulle være udbedrede for Landskassens Regning; Istandsættelserne skulle derhos saavidt muligt være saa fuldstændige, at der ikke er Fare for en Gentagelse af lignende Beskadigelser.

Forinden Afleveringen finder Sted, skal der foretages Besigtigelse af Tilførselsvejen eller den paagældende Del af samme af to Mænd, hvoraf den ene udnævnes af Ministeriet, den anden af Sysselforstanderskabet i det Syssel, hvori Vejen ligger. De skal udfærdige en nøjagtig Beskrivelse af Vejen og tilstille Ministeriet denne, som derefter afgør, hvorvidt Vejstykket er fuldført eller Beskadigelser udbedrede i Overensstemmelse med det her foreskrevne.

§ 3.

Bidraget til Reppevejene er 1 Kr. 25 Øre for hver arbejdsfør Mandsperson i Reppen i Alderen fra 20 til 60 Aar, hvilken Stilling han end indtager. Repsforstanderskabet kan for et Aar ad Gangen forhøje Bidraget til Reppevejene til indtil 3 Kr. for hver arbejdsfør Mandsperson.

De i Lov om Vejvæsenet § 20 omhandlede Navnefortegnelser over arbejdsføre Mandspersoner skulle udfærdiges i Oktober Maaned hvert Aar og tilstilles Sysselmanden inden Aarets Udgang. Repstyreren har før 20. Oktober at give Repsforstanderskabets Formand et Duplikat af Fortegnelsen.

Nr. 41.
11. júlí.

4. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærraskrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins er 31. desember ár hvert.

5. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fje úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sje á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sje með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

6. gr.

Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfjelagið hefur, næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en kr. 2,50 á hvern verkfæran mann samkv. 3. gr. þessara laga.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26 gr., fyrri liður 27. gr., 54 gr. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

Nr. 41. Lög 11. júlí um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

§ 4.

Enhver Mandsperson, der er opført i Fortegnelsen over arbejdsføre, skal til Repskassen erlægge Bidrag til Reppevejene. Enhver Husfader udreder Bidraget for de hos ham hjemmehørende Personer, derunder ogsaa Løsemænd, der anses at have Hjem sammesteds. Bidragets Forfaldsdag er 31. December hvert Aar.

§ 5.

Omkostningerne ved Reppeveje afholdes af Repskassen. Til Anlæg af Reppeveje maa der ikke anvendes mindre af Repskassen, end det lovbefalede Bidrag til Reppevejene andrager. Dersom et Repsforstanderskab anser det for ønskeligt, at der paa Reppens Bekostning udføres et Vejanlæg, hvortil Udgifterne ikke kan dækkes af Reppevejbidragene, iberegnet den i § 3 hjemlede Forhøjelse, kan det udrede det manglende af Repskassen, dersom saadant paa et efter Loven beslutningsdygtigt Møde i Kommunen vedtages af Flertallet af alle mødte afgiftspligtige Beboere af Reppen, der ere valgberettigede til Repsforstanderskabet; samtidig fastsættes Størrelsen af det Beløb, der til Anlæget skal udredes af Kommunekassen udover Reppevejbidraget.

§ 6.

Handelspladser, der danne en særskilt Kommune, ere fritagne for Bidrag til Sysselvejene, hvis Repskommunen i det nærmeste Aar før det paagældende Bidrag paalignedes, har anvendt til Vejanlæg paa Handelsstedet foruden det Aars Reppevejbidrag, der dog ikke maa være mindre end 2 Kr. 50 Øre for hver arbejdsfør Mand, jfr. denne Lovs § 3, et mindst lige saa stort Beløb af Kommunekassen som Sysselvejbidraget andrager.

§ 7.

Ved nærværende Lov ophæves §§ 10, 24, 26, 27, 1ste Stykke, 54 og 55 i Lov af 22. November 1907 om Vejvæsenet, samt andre Bestemmelser, der maatte komme i Strid med nærværende Lov.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Jon Krabbe.*

Nr. 41. Lov af 11. Juli om Forandring af Lov Nr. 57 af 22. Novbr. 1907, om Vejvæsenet.